
Breytingatillögur sbr. fylgiskjal stjórnarsýslu- og fjármálasviðs dags. 5. desember 2016:

Tillögur sem hafa í för með sér lækkun rekstrarafgangs í A- hluta, samtals
um kr. 64.605.000.

Eftirfarandi tillögur fela í sér lækkun vegna aukinna útgjalda:

**1. Hækkun launapotts vegna kjarasamninga og áætlaðrar hækkunar mótframlags í
lífeyrissjóði 2017. Kr. 32.500.000,-**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna fjárveitingu að fjárhæð kr.
32.500.000 til Fræðslu- og uppeldismála (var kr. 109.191.112 og verður kr.
141.691.112) í sérstakan launapott vegna óvissu um niðurstöðu
kjarasamningsviðræðna við þá hópa launþega sem eru með lausa kjarasamninga í
desember 2016.

2. Íþróttavallarmannvirki 2017. Kr. 4.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir fjárveitingu að fjárhæð kr. 4.000.000 til
íþróttavallarmannvirkja Jaðarsbökkum. Um er að ræða aðkeypta þjónustu vegna
slátturs á aðalvelli og æfingasvæði ÍA en undanfarin ár hefur samsvarandi fjármagni
verið veitt úr framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar en eðlilegra er að hafa þennan
rekstrarlið hjá viðkomandi stofnun.

3. Ferðaþjónusta fatlaðra 2017. Kr. 2.993.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukningu í fjárveitingu til ferðaþjónustu
fatlaðra um kr. 2.993.000 (var kr. 7.207.000 en verður kr. 10.200.000) vegna
kostnaðarauka.

4. Stuðningsfjölskyldur 2017. Kr. 2.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna í fjárveitingu til stuðningsfjölskyldna vegna fatlaðra barna um kr. 2.000.000 (var kr. 8.294.000 og verður kr. 10.294.000) vegna aukinnar eftirspurnar og einnig til að gæta samræmis við greiðslur til stuðningsfjölskyldna í barnavernd sem hafa verið hærri.

5. Samráð og stefnumótun aldraðra 2017. Kr. 2.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir fjárveitingu (nýr liður) að fjárhæð kr. 2.000.000 vegna aðkeyptrar vinnu ráðgjafa til að vinna með starfshópi að stefnumótunarvinnu í málaflokknum.

6. Styrkur til Norræna félagsins vegna vinabæjarmóts á Íslandi 2017. Kr. 2.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna fjárveitingu til Norræna félagsins að fjárhæð kr. 2.000.000 (var kr. 548.000 en verður kr. 2.548.000) vegna vinabæjarmóts sem haldið verður á Akranesi árið 2017.

7. Heimþjónusta fatlaðra Holtsflöt 2017. Kr. 2.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna fjárveitingu til búsetuþjónustunnar að Holtsflöt að fjárhæð kr. 2.000.000 (var kr. 1.366.000 en verður kr. 3.366.000) vegna matarkostnaðar. Um er að ræða skyldu Akraneskaupstaðar til endurgreiðslu til þjónustubega vegna fæðiskostnaðar starfsmanna sem matast með þjónustubeganum.

8. Fjölbrautarskóli Vesturlands – tækjakaup 2017. Kr. 1.000.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir fjárveitingu (nýr liður) til Fjölbrautarskóla Vesturlands að fjárhæð kr. 1.000.000 til tækjakaupa við málmiðnarbraut skólans.

9. Akranesviti – leigugjöld vegna afnota af vitanum 2017. Kr. 750.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna fjárveitingu til Akranesvita að fjárhæð kr. 750.000 vegna leigusamnings sem gerður var við Vegagerðina vegna afnota Akraneskaupstaðar af mannvirkinu.

10. Heimþjónusta 2017. Kr. 500.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir aukna fjárveitingu til heimþjónustu að fjárhæð kr. 500.000 (var kr. 5.348.000 en verður kr. 5.848.000) vegna hækkunar á aðkeyptri þjónustu vegna þrifa.

11. Samandregnar tillögur sem leiða til hækkunar útgjalda og lækkunar rekstrarafgangs. Kr. 4.574.000,-:

- a. Fæðis kaup í grunnskólunum (fskj. nr. 5) . Kr. 1.348.000,-.
- b. Kaup á vinnufatnaði í grunnskólum (fsjk. nr. 6). Kr. 439.000,-
- c. Aðrir styrkir (fskj nr. 9). Kr. 350.000,-
- d. Starfsmannakostnaður (fskj. nr. 11). Kr. 2.400.000,-.

Eftirfarandi tillögur hafa í för með sér lækkun rekstrarafgangs í A- hluta vegna lækkunar tekna:

12. Lækkun útsvarstekna – staðgreiðsla 2017. Kr. 9.888.000,-

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að breyta áætluðum hækkunum á staðgreiðslutekjum á milli árunna 2016 og 2017. Hækkunin verði 8,0% í stað 8,3%. Þetta hefur í för með sér lækkun áætlaðra staðgreiðslutekna um samtals kr. 9.888.000. Markmið tillögunnar er að gæta varúðar við tekjuáætlun.

13. Bókasafn Akraness. Kr. 400.000,-

Bæjarstjórn samþykkir að breyta áætluðum tekjum Bókasafns Akraness um kr. 400.000,- vegna lækkaðra þjónustutekna.

Tillögur sem hafa í för með sér aukinn rekstrarafgang í A- hluta, samtals um kr. 58.755.000.

Tillögur sem hafa í för með sér hækkun rekstrarafgangs í A- hluta vegna lægri útgjalda

1. Fjárhagsaðstoð 2017. Lækkun er kr. 19.905.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir lækkun fjárveitingar að fjárhæð kr. 19.905.000 (var kr. 59.905.000 en verður kr. 40.000.000) sem ætluð er til að mæta framfærsluaðstoð þar sem þörfin hefur dregist verulega saman undanfarin ár aðallega vegna betra atvinnuástands. Þó er gert ráð fyrir að framfærsluviðmið verði hækkuð á árinu 2017 í samræmi við þróun kostnaðar.

2. Húsaleigubætur 2017. Lækkun er kr. 15.000.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir lækkun fjárveitingar að fjárhæð kr. 15.000.000 (var kr. 40.000.000 en verður kr. 25.000.000) til húsaleigubóta vegna breytinga á húsaleigubótakerfinu næstkomandi áramót en ríkið tekur þá yfir almennar húsaaleigubætur en sérstakar húsaleigubætur verða áfram hjá sveitarfélögunum.

3. Þjónusta vegna sorphirðu og sorpeyðingar 2017. Lækkun er kr. 8.900.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir lækkun fjárveitingar að fjárhæð kr. 8.900.000 (var 99.121.000 en verður kr. 90.221.000) í Aðkeypta vinnu vegna sorphirðu og sorpeyðingar árið 2017. Í frumvarpi til fjárhagsáætlunar var miðað við áætlaða hækkun þjónustunnar samkvæmt fyrirliggjandi tilboðum í sorphirðu hjá Akraneskaupstað (sameiginlegt útboð með Borgarbyggð frá ágúst síðastliðnum) en fallið var frá útboðinu með samþykkt skipulags- og umhverfissvið þann 28. október síðastliðinn. Fjárveitingin nú tekur mið af verði þjónustunnar samkvæmt samkomulagi um framlengingu þjónustusamnings sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 22. nóvember síðastliðnum.

4. Byggðasafn. Lækkunin er 1.500.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir lækkun útgjalda til Byggðasafns vegna sýningarhalds (kr. 1.500.000 sbr. fylgiskjal nr. 8).

5. Fjöliðjan. Lækkunin er um 804.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir lækkun fjárveitingar samtals að fjárhæð kr. 804.000 til Fjöliðjunar vegna matarkaupa (kr. 257.000 sbr. fylgiskjal nr. 3) og vegna launaútgjalda (kr. 546.816 sbr. fylgiskjal nr. 1).

Eftirfarandi tillögur hafa í för með sér aukinn rekstrarafgang vegna hækkunar tekna.

6. Sorpgjöld - hækkun tekna vegna álagðra sorpgjalda 2017. Hækkunin nemur kr. 12.146.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að tekjur vegna sorpgjalda hækki um kr. 12.146.000 (voru kr. 80.300.000 en verða kr. 92.446.000) til að mæta kostnaðarauka sem verður við sorphirðu á árinu 2017 sem er tilkominn vegna samkomulags um framlengingu á núverandi þjónustusamningi við Íslenska Gámafélagið ehf. sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 22. nóvember síðastliðinun.

Gerð er tillaga um að álögð sorpgjöld vegna íbúðarhúsnæðis, sem innheimt verði með fasteignagjöldum, hækki um 15 % og sorphreinsunargjald verði kr. 18.786 árið 2017 en var kr. 16.336 árið 2016 og sorpeyðingargjald verði kr. 16.021 árið 2017 en var kr. 13.931 árið 2016. Hvort gjaldið um sig miðast við tvær tunnur, ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp.

7. Akranesviti - hækkun tekna (aðgangseyrir) 2017. Hækkunin nemur kr. 500.000,-.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að áætlaðar tekjur vegna aðgangseyris að Akranesvita árið 2017 verði kr. 500.000.

Samtals breytingar í A- hluta eru kr. 6.350.000 til lækkunar á rekstrarafgangi, var kr. 185.248.000 en verður um kr. 178.898.000.

Samtals breytingar í B- hluta eru um kr. 61.000 til lækkunar rekstrarhalla, var kr. 14.634.000 en verður kr. 14.573.000.

Samandregið hafa framangreindar tillögur því í för með sér að rekstarafkoma samstæðu lækkar um kr. 5.789.000, var kr. 170.614.000 en verður um kr. 164.825.000 ef tillögurnar í heild sinni verða samþykktar.

Akranesi 6. desember 2016


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri